

Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, þjónusta við notendur bílastæðahúsa borgarinnar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs 6. mars 2019 var lögð fram tillaga frá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði

Lagt er til að þjónusta við notendur bílhúsa borgarinnar verði bætt með þeim hætti að unnt verði að framkvæma greiðslu fyrir notkun stæðanna í gegnum snjallsímaforritið Leggja.is. Eins verði rauntímatölur um laus stæði í húsunum gerðar aðgengilegar í forritinu. Lagt er til að tillögunni verði vísað til meðferðar hjá hóp um bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.